

Fundargerð

*21. fundur fræðslu- og menningarnefndar, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar
mánudaginn 18. febrúar 2008 kl. 17:00.*

Mætt voru. Guðni Örn Hauksson, Soffía Björgvinsdóttir, Víkingur Jónsson, Ólöf
Arnmundsdóttir var í símasambandi á fundinum. Helgi var mættur sem áheyrnarfulltrúi.

Dagskrá.

1. Mál. Umsóknir um stöðu skólastjóra við Grunnskólann á Þórshöfn.

Umsóknarfrestur var til 15. febrúar.

Eftirtaldir sóttu um:

- Guðmundur Sverrisson á Drangnesi, skólastjóri við grunnskólann þar.
- Halla Hallsteinsdóttir í Svíþjóð, grunnskólakennari.
- Anna Hjaltadóttir, Þórshöfn, deildarstjóri sérkennslu í grunnskólanum.
- Heiðrún Óladóttir, Þórshöfn, kennari við grunnskólann og staðgengill skólastjóra. Settur skólastjóri tímabundið frá 18. febrúar 2008 vegna veikinda Arnars Einarssonar, skólastjóra.

Við mat á umsóknum þá telur nefndin að allir umsækjendur séu hæfir í starfið. Í ljósi langrar starfsreynslu og umtalsverðrar stjórnunarreynslu þá telur nefndin að Heiðrún sé hæfust í starfið.

Nefndin mælir með ráðningu Heiðrúnar Óladóttur í starf skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:40.

Guðni Örn Hauksson, ritari.